



HÉRAÐSDÓMUR  
REYKJAVÍKUR

ÚRSKURÐUR

24. nóvember 2020

Mál nr. E-2409/2017:

Stefnandi: A

*(Steingrímur Þormóðsson lögmaður)*

Stefndi: TM hf.

*(Valgeir Pálsson lögmaður)*

Dómarar: Arnaldur Hjartarson héraðsdómari og dómsformaður, Skúli Magnússon  
héraðsdómari og Halldór Baldursson læknir

# Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 24. nóvember 2020 í máli nr. E-2409/2017:

**A**

*(Steingrímur Þormóðsson lögmaður)*

**gegn**

**TM hf.**

*(Valgeir Pálsson lögmaður)*

Mál þetta, sem var dómtekið 4. nóvember sl., var höfðað 24. júlí 2017.

Stefnandi er A, [..., ...].

Stefndi er TM hf., Síðumúla 4 í Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru í fyrsta lagi, vegna afleiðinga sjóvinnuslyssins 26. september 2005, að viðurkennt verði með dómi að heilsufar stefnanda vegna þeirra áverka sem hann varð fyrir í slysinu hafi versnað samkvæmt skilyrðum 11. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, að orðið hafi veruleg og óvænt versnun á heilsufari stefnanda, frá því sem metið var með sameiginlegri matsgerð aðila frá 3. desember 2008, sbr. bótaákvörðun stefnda 16. janúar 2009. Í öðru lagi krefst stefnandi þess, vegna afleiðinga sjóvinnuslyssins 16. nóvember 2006, að viðurkennt verði með dómi að heilsufar stefnanda vegna þeirra áverka sem stefnandi varð fyrir í slysinu hafi versnað samkvæmt skilyrðum 11. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, að orðið hafi veruleg og óvænt versnun á heilsufari stefnanda, frá því sem metið var með sameiginlegri matsgerð aðila frá 3. desember 2008, sbr. bótaákvörðun stefnda 13. júlí 2009. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað.

Með úrskurði 30. apríl 2019 var frávísunarkröfu stefnda hafnað.

## I

Stefnandi starfaði sem sjómaður og lenti í fjórum vinnuslysum á tiltölulega stuttu tímabili og hefur ekki verið á vinnumarkaði í kjölfarið. Slysin áttu sér stað 26. september 2005, 13. júní 2006, 16. nóvember 2006 og 31. ágúst 2007. Málsaðilar öfluðu sameiginlega matsgerðar tveggja manna utan réttar 3. desember 2008. Niðurstaða matsins var sú að stefnandi hefði orðið fyrir varanlegum miska sem næmi 10 stigum og varanlegri örorku sem næmi 15% vegna fyrsta slyssins, varanlegum miska sem næmi 2 stigum og engri varanlegri örorku vegna annars slyssins, varanlegum miska sem næmi 5 stigum og varanlegri örorku sem næmi 5% vegna

þriðja slyssins, og loks varanlegum miska sem næmi 5 stigum og varanlegri örorku sem næmi 5% vegna fjórða slyssins. Í framhaldinu greiddi stefndi stefnanda bætur og liggja fjórar kvittanir vegna þeirra greiðslna fyrir í gögnum málsins.

Í málinu liggur fyrir læknisvottorð C geðlæknis, dags, 1. október 2015, um þunglyndiseinkenni stefnanda.

Þá liggja fyrir eldri gögn, þ.e. örorkumatsgerðir sem unnar voru í þágu Tryggingastofnunar ríkisins ásamt læknisvottorðum, sem tengjast fyrra bótauppgjöri sem fram fór í kjölfar matsgerðarinnar frá 3. desember 2008.

Með beiðni, dags. 23. nóvember 2015, aflaði stefnandi einhliða utan réttar matsgerðar D taugaskurðlæknis, E lögfræðings og F, geð- og embættislæknis. Fór stefnandi fram á að þeir legðu mat á afleiðingar slyssanna fjögurra og jafnframt að metið yrði hver hefði orðið versnun á heilsufari stefnanda frá því að matsgerð vegna slyssanna var unnin 2008. Í þessum efnum fór stefnandi fram á að metið yrði í hverju versnun á heilsufari hans fælist, hver hún væri í miskastigum talið og að hvaða leyti þessi versnun hafi verið ófyrirséð miðað við niðurstöðu eldra matsins frá 2008.

Afrit af matsbeiðni var sent stefnda. Með bréfi stefnda, dags. 14. desember 2015, til stefnanda var því lýst að umbeðið mat yrði á ábyrgð og kostnað stefnanda. Stefndi ætti ekki aðild að málinu að neinu leyti. Var vísað til þess að uppgjöri vegna fyrrgreindra slysa hefði verið lokið án fyrirvara.

Matsgerðinni var síðan skilað 9. júní 2016, en þar er því lýst að í kjölfar slyssanna fjögurra hafi stefnandi þróað með sér alvarlegt þunglyndi með áfallastreitueinkennum, sem hafi tilvísun í sjóslys sem hann hafi lent í. Samhliða þessu séu verulegar minniskvartanir sem raktar verði til þunglyndis og mögulega höfuðhögga sem hann hafi hlotið í slysunum 26. september 2005 og 16. nóvember 2006, en þá þurfi líka að taka tillit til þess að stefnandi sé mikill túra-drykkjumaður og því rétt að ætla að hluti af geðheilsutjóni, þ.m.t. minniskvartanir, sé af þeim sökum. Þessi alvarlega þróun geðeinkenna hafi ekki legið fyrir við framkvæmd matsins frá árinu 2008 og sé því óvænt. Matsmenn telji rétt að skipta orsökum þessa milli slyssanna og áfengissýki með þeim hætti að um 2/8 séu vegna slyssins 26. september 2005, ekkert vegna slyssins 13. júní 2006, 1/8 vegna slyssins 16. nóvember 2006, ekkert vegna slyssins 31. ágúst 2007 og loks séu 4/8 vegna áfengissýki. Fyrir dómi upplýsti F aðspurður að þessi hlutföll mætti rekja til þeirrar grunnhugsunar að helming tjónsins mætti að þessu leyti rekja til áfengissýki en að hinn helmingurinn skiptist þá milli umræddra tveggja slysa þar sem tjón teldist vera fyrir hendi. Fram kemur í matsgerðinni að þeirri versnun sem orðið hafi á geðheilsu stefnanda megi jafna til 25 miskastiga í heild og rétt sé að skipta henni samkvæmt framangreindum hlutföllum. Hvað varanlega örorka varði þá telji matsmenn að veruleg og óvænt versnun hafi orðið á heilsu stefnanda frá upphaflegu mati vegna alvarlegs þunglyndis með

áfallastreitueinkennum sem hafi verið ófyrirsjáanleg og nemi 15% vegna slyssins 26. september 2005 til viðbótar við upphaflegt mat, þ.e. samtals 30%, og 10% vegna slyssins 16. nóvember 2006 til viðbótar við upphaflegt mat, þ.e. samtals 15%. Varanleg örorka vegna slyssins 31. ágúst 2007 nemi 5% en þar sé ekki um versnun að ræða. Engin varanleg örorka sé metin vegna slyssins 13. júní 2006. Samantekið sé niðurstaða matsins að tjón stefnanda felist í varanlegum miska sem nemi 35 stigum, þ.e. 25 stigum umfram hið eldra mat, og varanleg örorka nemi 50%, en samkvæmt hinu eldra mati var örorka metin 15%, eins og áður segir.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi F, geð- og embættislæknir, og E lögfræðingur, en við það tækifæri staðfestu þeir matsgerð sína, dags. 6. júní 2016.

## II

Stefnandi byggir á því að uppfyllt séu skilyrði 11. greinar skaðabótalaga nr. 50/1993 um endurupptöku bótaákvörðunar stefnda frá 16. janúar 2009 vegna þess líkamstjóns sem stefnandi hafi orðið fyrir í slysinu þann 26. september 2005, og skilyrði fyrir endurupptöku bótaákvörðunar stefnda frá 13. júlí 2009 vegna þess líkamstjóns sem stefnandi hafi orðið fyrir í slysinu þann 16. nóvember 2006, sbr. fyrirbyggjandi sérfræðimat E lögfræðings, D, heila- og taugalæknis, og F, geð- og embættislæknis, dags. 9. júní 2016. Bótauppgjör félagsins hafi aftur á móti byggst á matsgerð frá 3. desember 2008.

Samkvæmt yngra sérfræðimatínu hækki miski stefnanda um 7 stig og varanleg örorka um 15%, vegna þess líkamstjóns, sem stefnandi hafi orðið fyrir í slysinu 26. september 2005, frá því sem fyrri matsgerðin hafi kveðið á um og bótaákvörðun félagsins hafi byggst á.

Samkvæmt yngra matínu hækki miski stefnanda um 3 stig og varanleg örorka hans um 10%, vegna afleiðinga slyssins 16. nóvember 2006 frá því sem fyrri matsgerðin kveði á um og bótaákvörðun félagsins hafi byggst á.

Einnig byggir stefnandi á því að hann hafi verið metinn 75% óvinnufær til fyrri starfa af Gildi lífeyrissjóði í mars 2010, en hafi hins vegar ekki hlotið nægilegt örorkutap í mars 2009 til að fá bætur frá lífeyrissjóðnum. Um sé að ræða mat sem byggir á sömu matssjónarmiðum og mat samkvæmt 5. grein laga nr. 50/1993, sbr. einkum III. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Þá hafi stefnandi verið metinn til 75% örorku samkvæmt staðli almannatrygginga.

Skilyrðum 11. gr. skaðabótalaganna um endurupptöku fyrri bótaákvæðana sé fullnægt, en stefnandi byggir dómkröfu sína á, að fyrirbyggjandi matsgerð frá 3.

desember 2008 sé rétt, miðað við hver atvik máls þessa hafi verið við gerð þeirrar matsgerðar. Þannig byggir stefnandi dómkröfu sína á matsgerðinni frá 3. desember 2008 gagnvart niðurstöðum sérfræðimatsgerðarinnar frá 9. júní 2016. Síðara matsins hafi stefnandi aflað sér með löglegum hætti á grundvelli 10. gr. laga nr. 50/1993, sbr. 9. grein laga nr. 37/2009, og byggist sérfræðimatsgerðin á þeim atvikum sem hafi orðið eftir að fyrri matsgerðin hafi legið fyrir. Þannig hnekki sérfræðimatið ekki fyrri matsgerðunum, heldur sýni að heilsu stefnanda hafi hrakað frá því fyrri matsgerðin var gerð, þannig að ófyrirsjáanlegar og verulegar breytingar hafi orðið á heilsu tjónþola frá þeim tíma, svo ætla megi að miskastig eða örorkustig sé verulega hærra en áður hafi verið metið. Einnig sé ljóst, af matsgerðum Gildis lífeyrissjóðs og sérfræðimatsgerðinni frá mars 2016, að hinar líkamlegu og andlegu afleiðingar slyssins hafi svipt stefnanda allri vinnugetu.

Stefnandi byggir dómkröfur sína alfarið á sérfræðimatsgerðinni frá 9. júní 2016. Upphaflega setti stefnandi kröfu sína fram sem fjárkröfu en undir rekstri málsins færði hann kröfuna í horf viðurkenningarkröfu.

Túlka verði orðalag 11. gr., um ófyrirséðar breytingar, þannig, að breytingar á heilsufari tjónþola séu ófyrirséðar, ef ekki hefur verið líklegt út frá örorkumati og læknisfræðilegum gögnum, sem fyrra uppgjör (bótaákvörðun) hafi verið reist á, að afleiðingar tjónsins yrðu meiri, en þau gögn hafi gefið til kynna. Í því efni byggir stefnandi á að fyrri matsgerðin hafi verið rétt á þeim tíma, sem hún mæli. Krafan byggir hins vegar á atvikum sem orðið hafi eftir að fyrri bótauppgjör hafi farið fram eða eftir þá matsgerð sem uppgjörin byggist á.

Ófyrirséðar breytingar hafi orðið á heilsufari stefnanda frá því að matsgerðin frá 3. desember 2008 hafi verið kláruð, en matsfundur hafi verið haldinn 10. nóvember 2008. Þá hafi verið gert ráð fyrir að heilsufar stefnanda væri stöðugt, m.ö.o að ekki mætti vænta frekari bata né að einkenni færu versnandi. Heilsufar stefnanda hafi aftur á móti farið versnandi frá því á matsfundinum 10. nóvember 2008 og sú versnun hafi verið ófyrirséð. Í þessu samhengi vísi stefnandi til þess að í fyrri matsgerð og læknisfræðilegum gögnum, sem legið hafi til grundvallar þegar fyrri uppgjör hafi farið fram, sé hvergi getið um að andlegt ástand stefnanda stafi af þeim áverkum sem hann hafi orðið fyrir í slysunum eða að um sé að ræða varanlegar andlegar afleiðingar, sem stefnandi hafi þróað með sér eftir slysin, eins og síðar hafi komið fram, meðal annars við mót hjá lífeyrissjóði stefnanda og í mötum samkvæmt almannatryggingalögum árið 2010.

Hin yngri sérfræðimatsgerð staðfesti að heilsa stefnanda hafi farið versnandi með ófyrirséðum hætti eftir fyrri matsgerðina frá 3. desember 2008. Í yngri matsgerðinni sé því slegið föstu að ófyrirséðar breytingar hafi orðið á heilsu stefnanda frá matsgerðinni 3. desember 2008. Með yngri matsgerðinni hafi fyrrgreindir

sérfræðimatsmenn verið að meta atvik, sem hafi orðið eftir þau uppgjör sem liggi fyrir í málinu. Í endurupptökumálum sem þessum geti því ekki átt að hnekkja hinni eldri matsgerð, eins og stefndi virðist byggja á. Eldri matsgerðin frá 2008 geti auk þess ekki haft sönnunargildi um atvik, sem orðið hafi eftir að matsgerðin var unnin í skilningi 11. greinar laga nr. 50/1993.

Til endurupptöku mála á grundvelli 11. gr. laganna nægi svokallað „10. gr.-mat“ (utanréttarmat/sérfræðimat) og ekki þurfi að hnekkja fyrri mati eða mötum með mati dómkvaddra matsmanna, sbr. lögskýringargögn og orðskýringu á lögnum, þar sem yngri matsgerðin byggist á atvikum, sem hafi orðið eftir þau atvik sem eldra matið samkvæmt fyrri bótaákvörðunum byggist á. Þannig hefjist málið í raun á nýjan leik samkvæmt 11. gr. skaðabotalaga með yngra sérfræðimatinu. Þess mats hafi og verið aflað á grundvelli 10. gr. laga nr. 50/1993 og hafi ekki verið hnekk. Afleiðingar beggja slysa séu á sama líkamshluta og andlegar afleiðingar séu af báðum slysunum. Sé hækkun á miska í raun 9 stig og hækkun á varanlegri örorku 25% þá teljist slíkt veruleg hækkun í skilningi 11. greinar laganna, hvort sem litið sé til bótafjárhæðar, hlutfallslegrar hækkunar eða hækkunar í prósentum og stigum.

Því sé heimilt að taka upp kröfu tjónþola að nýju til ákvörðunar um bætur fyrir varanlegan miska eða örorkubætur á grundvelli tveggja skilyrða 11. gr. laga nr. 50/1993.

Stefnandi byggir einnig á því að hann hafi ekki fengið nauðsynlegar upplýsingar um framangreindar kröfur sínar í skilningi 125. greinar laga nr. 30/2004, þ.e. að andlegt ástand hans stafaði af slysunum, fyrr en hann hafi leitað til C geðlæknis seinni hluta ársins 2015 og síðan samkvæmt sérfræðimatsgerðinni frá 9. júní 2016, sbr. einnig 52. gr. laga nr. 30/2004. Stefnandi byggir einnig á að um sé að ræða nýja kröfu samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1993.

Um lagarök kveðst stefnandi einkum vísa til laga nr. 30/2004, sönnunarreglna einkamálaréttarfars, 1. til 7. gr. laga nr. 50/1993 sem og 11. gr. laganna. Þá sé vísað til 4. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1993, sem og til laga nr. 53/2009, laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sjómannalaga nr. 35/1985, ógildingarreglna laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, reglna um brostnar forsendur, 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985, eðli máls og meginreglna laga. Varðandi fyrningu dómkrafna sé vísað til 22. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007, sbr. samsvarandi ákvæði í eldri fyrningarlögum.

Stefndi byggir á því að stefnandi beri sönnunarbyrði um það að skilyrðum 11. gr. laga nr. 50/1993 sé fullnægt þannig að heimilt sé að taka upp að nýju ákvörðun um bætur fyrir varanlegan miska og varanlega örorku. Til þess beri að líta að stefnandi hafi þjáðst af verulegum þunglyndiseinkennum þegar á árinu 2008 eins og skýrlega komi fram í mati þeirra G og H frá desember á því ári. Þá hafi stefnandi verið hættur að vinna og langvinn áfengisvandamál og þunglyndi hrjáð hann. Með engu móti verði séð að þau þunglyndiseinkenni sem lýst sé í matinu frá 9. júní 2016 séu önnur og meiri en þau einkenni sem stefnandi hafi búið við þegar á árinu 2008. Önnur læknisvottorð sem liggja fyrir í málinu, þar sem vikið sé að geðheilsu stefnanda eftir 2008, beri það ekki með sér svo sannað sé að geðheilsa hans hafi versnað af völdum slysanna um borð í [...]. Helsti munur á hinu fyrra mati og því síðara að þessu leyti felist í því að í fyrra matinu hafi ekki verið litið svo á að þunglyndiseinkennin mætti rekja til téðra slysa en í því síðara hafi verið fallist á að einkenni þessi mætti að nokkru rekja til slysanna. Þessi munur á matsniðurstöðum dugi ekki til að endurupptaka á grundvelli 11. gr. laga nr. 50/1993 sé tæk.

Á hinn bóginn verði ekki fram hjá því litið að áfengisneysla stefnanda hafi ágerst verulega eftir því sem árin hafi liðið, samfara annarri fíkniefnanotkun, án þess að það verði rakið til slysanna. Hin aukna áfengis- og fíkniefnaneysla hafi án vafa átt þátt í því að geðræn einkenni hafi komið fram í öðrum myndum, svo sem tíðum sjálfsvígshugsunum. Í þessu sambandi verði óhjákvæmilega að horfa til örorkumatsins 10. apríl 2015 sem unnið hafi verið fyrir Gildi – lífeyrissjóð, en þar sé vísað til læknisvottorðs heilsugæslulæknis um að kvíði og þunglyndi sem hrjái stefnanda sé til komið vegna áfengismisnotkunar.

Í hinu síðara mati sé látið að því liggja að stefnandi búi við áfallastreitueinkenni af völdum sjóvinnuslysanna í september 2005 og nóvember 2006 sökum þess að þá hafi skipið fengið á sig brot sem hafi orðið þess valdandi að hann hafi orðið fyrir meiðslum. Hafi hann í þessi skipti því staðið frammi fyrir mun meiri almennri ógn en ella. Þessu sé alfarið vísað á bug sem röngu og ósönnuðu. Ekkert liggja fyrir um það að skipið hafi orðið fyrir skemmdum eða annars konar hnjaski við þessi atvik né heldur að aðrir skipverjar hafi orðið fyrir meiðslum eða verið í hættu.

Rökstuðningur fyrir hinni auknu varanlegu örorku sé vart skiljanlegur og verði í raun að líta svo á að niðurstaða matsins hvað varði varanlega örorku sé með öllu órökstudd. Matsgerðin sem stefnandi byggir á sé lítt eða ekkert rökstudd og byggist á svo veikum forsendum að hún geti með engu móti talist fullnægjandi sönnunargagn um það að þær breytingar hafi orðið á heilsu stefnanda eftir matið í desember 2008 og bótauppgjörin 2009, að miskastig eða örorkustig af völdum slysanna sé töluvert hærra en áður hafi verið talið. Því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu verði því á annað borð ekki vísað frá dómi.

#### IV

Stefnandi höfðar mál þetta til viðurkenningar á því að veruleg og óvænt versnun hafi orðið á heilsufari hans frá því sem metið var með sameiginlegri matsgerð aðila 3. desember 2008 vegna tveggja sjóslysa. Byggir stefnandi þannig á því að fullnægt sé skilyrðum 11. gr. laga nr. 50/1993 fyrir endurupptöku bótaákvörðana vegna slysanna tveggja, en stefndi hafði þegar greitt stefnanda bætur í kjölfar slysanna eins og rakið er hér að framan.

Í greinargerð sinni krafðist stefndi frávísunar málsins. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði 30. apríl 2019, einkum með vísan til þess að gagnaöflun hefði ekki verið lýst lokið. Eftir að svo hafði verið gert og aðalmeðferð ákveðin áréttaði lögmaður stefnda hins vegar þá afstöðu að vísa bæri málinu sjálfkrafa frá dómi, sbr. til hliðsjónar 5. mgr. 112. gr. laga nr. 91/1991. Af þessu tilefni var lögmönnum gefinn kostur á að reifa sjónarmið um hugsanlega sjálfkrafa frávísun málsins. Í þeim efnum byggir stefndi á því að samkvæmt dómaframkvæmd fái ekki staðist að leita eingöngu eftir einhliða mati sérfræðinga til að rökstyðja endurupptöku bótaákvörðunar samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1993. Þess í stað standi tjónþola til boða að leita áhlits örorkunefndar eða að afla mats dómkvaddra manna. Þetta hafi stefnandi aftur á móti ekki gert og fari málatilbúnaður hans þar af leiðandi í bága við e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi byggir á hinn bóginn á því að réttmætt hafi verið og nægilegt að leita áhlits þriggja sérfræðinga á grundvelli 1. mgr. 10. gr. laga nr. 50/1993 þar sem stefnandi hafi ekki ætlað sér að hnekkja eldri matsgerðinni frá 2008 heldur að afla sjálfstæðs mats með hliðsjón af skilyrðum 11. gr. laganna. Því sé unnt að leggja dóm á málið á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991, og blasi þá við að stefndi hafi engra gagna aflað til að hnekkja umræddri matsgerð.

Með dómi Hæstaréttar 19. nóvember 2015 í máli nr. 359/2015 var því slegið föstu að þegar fyrir liggur sérfræðilegt álit um örorku- og/eða miskastig tjónþola geti hvor um sig, tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta, borið álitnið undir örorkunefnd, sbr. 10. gr. laga nr. 50/1993, þegar afla á sönnunar fyrir því að fullnægt sé skilyrðum 11. gr. laganna um að taka beri upp ákvörðun um örorkubætur. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að í málinu hafi hvorki verið óskað eftir áliti örorkunefndar né aflað mats dómkvaddra manna, en þess í stað hafi tjónþoli aflað einhliða og án aðkomu gagnaðila mats þriggja manna. Var talið að síðargreint sérfræðimat yrði ekki lagt til grundvallar ákvörðun um hvort skilyrði væru til að taka upp ákvörðun um bætur fyrir varanlegan miska og málinu þar af leiðandi vísað frá héraðsdómi af sjálfsdáðum.

Í dómi Hæstaréttar 23. október 2017 í máli nr. 648/2017, sem báðir aðilar vísuðu til við munnlegan flutning málsins, var einnig deilt um hvort mál teldist nægilega reifað með tilliti til skilyrða 11. gr. laga nr. 50/1993. Með dóminum var

kröfu um frávísun vissulega hafnað þótt einungis lægi fyrir matsgerð sem aflað hafði verið einhliða samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 50/1993. Grundvöllur þeirrar matsgerðar var matsbeiðni sem orðuð var á fremur sambærilegan hátt og matsbeiðni stefnanda í hinu fyrirbyggjandi máli, þ.e. óskað var eftir mati á áverkum vegna slyss sem þegar hafði sætt mati og síðan farið fram á að metið yrði hvort versnun hefði orðið á heilsu málshefjanda í kjölfarið og hvers eðlis slík versnun væri. Í forsendum Hæstaréttar var vísað til þess að þótt annmarki kynni að vera að þessu leyti á málatilbúnaði málshefjanda þá ætti hann þess kost að afla frekari gagna undir rekstri málsins og bæta þannig úr annmarkanum.

Almennt er tjónþolum fær sú leið að afla einhliða mats sérfræðinga samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 50/1993 til sönnunar á líkamstjóni og getur þá hvort heldur hann eða sá sem krafinn er bóta borið álitid undir örorkunefnd. Í þessu máli háttar aftur á móti svo til að málið er höfðað til endurupptöku á ákvörðun um bætur samkvæmt 11. gr. laganna og liggur þegar fyrir matsgerð sem aflað var samkvæmt téðri heimild í lögum nr. 50/1993, líkt og átti við í fyrrgreindum hæstaréttarmálum. Var það mat, sem aflað var sameiginlega af málsaðilum, lagt til grundvallar því uppgjöri málsaðila árið 2009 sem stefnandi krefst nú að viðurkennt verði að taka beri upp.

Líkt og áður greinir átti stefnandi þess kost að leita til örorkunefndar eða að afla mats dómkvaddra manna, enda næði hann ekki samkomulagi við stefnda um sameiginlega öflun nýs álits utan réttar til mats á því hvort skilyrðum 11. gr. laga nr. 50/1993 væri fullnægt. Það gerði stefnandi aftur á móti ekki heldur aflaði, eins og áður segir, einhliða mats þriggja sérfræðinga gegn mótmælum stefnda. Getur þá ekki ráðið úrslitum þótt stefnda hafi verið tilkynnt um fyrirætlan stefnanda og gefinn kostur á því að koma að gögnum við vinnslu matsins. Þá hefur stefnandi ekki aflað frekari gagna að þessu leyti undir rekstri málsins.

Í ljósi síðustu fordæma Hæstaréttar, einkum fyrrgreindra dóma í málum nr. 359/2015 og nr. 648/2017, er óhjákvæmilegt að líta svo á að umrætt sérfræðimat geti, gegn mótmælum stefnda, ekki verið haldbær grundvöllur til sönnunar á því að skilyrði séu uppfyllt til að taka upp að nýju fyrrgreinda ákvörðun um bætur til handa stefnanda. Samkvæmt þessu, svo og að virtum gögnum málsins að öðru leyti, er endanlegur málatilbúnaður stefnanda svo vanreifaður að þessu leyti að vísa ber málinu sjálfkrafa frá dómi. Gerist þess því ekki þörf að fjalla um hvort framsetning endanlegra dómkrafna stefnanda sé svo óljós að varði frávísun málsins af þeim sökum.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, dags. 7. júlí 2016. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns

hans eins og nánar greinir í úrskurðarorði, en sú þóknun er í samræmi við dómvenju ákveðin án tillits til virðisaukaskatts, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 11. apríl 2017 í máli nr. 678/2016.

Af hálfu stefnanda flutti málið Steingrímur Þormóðsson lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Valgeir Pálsson lögmaður.

Úrskurð þennan kveða upp Arnaldur Hjartarson, héraðsdómari og dómsformaður, Skúli Magnússon héraðsdómari og Halldór Baldursson læknir. Dómsformaður tók við meðferð málsins 2. september sl., en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

### **Ú R S K U R Ð A R O R Ð:**

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, A, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Steingríms Þormóðssonar, sem þykir hæfilega ákveðin 850.000 krónur.

Arnaldur Hjartarson

Skúli Magnússon

Halldór Baldursson